



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Mars 2010 nr. 152

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Njördur Sigurðsson

njordur@hive.is

AÐALFUNDUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

27. MARS 2010

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands fer fram laugardaginn 27. mars nk. í húsi Sögufélags við Fischersund. Fundurinn hefst kl. 17.

Dagskrá

1. Ársskýrsla stjórnar kynnt og lögð fram til samþykktar.
2. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins kynntir og lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár
4. Lagabreytingar (sjá tillögur stjórnar að lagabreytingum bls. 2-3).
5. Kjör stjórnar. Kjör tveggja endurskoðenda reikninga og tveggja fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga til eins árs.
6. Önnur mál.

Fræðsluerindi

Að þessu verður ekki boðið upp á fræðsluerindi í tengslum við aðalfund. Félagsmönnum er bent á að ráðstefna til minningar um Halldór Bjarnason sagnfræðing verður í Háskóla Íslands sama dag frá kl. 13-16 og er tilvalið að sækja aðalfund félagsins strax að lokinni ráðstefnunni. Dagskrá ráðstefnunnar er að finna á bls. 12.

Léttar veitingar

Sagnfræðingafélagið býður upp á léttar veitingar að fundi loknum.

Kvöldverður

Þegar fundi er lokið er stefnt að því að fundargestir, og aðrir sem áhuga hafa, snæði saman kvöldverð. Staður og tími verður auglýstur á Gammabrekku þegar nær dregur.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta, taka þátt í starfi félagsins og eiga góða stund með öðrum sagnfræðingum.

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

TILLÖGUR STJÓRNAR AÐ LAGABREYTINGUM

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands hefur í nokkurn tíma undirbúið breytingar á lögum félagsins. Tilgangurinn er að einfalda þau og gera skýrari. Hér á eftir fylgir greinargerð með lagabreytingunum og breytingarnar sjálfar. Fyrir þá félagsmenn sem vilja kynna sér breytingarnar betur má nálgast þær í skjali á vef félagsins, www.sagnfraedingafelag.net.

Greinargerð vegna lagabreytinga

4. gr. (*Skyldur félagsmanna*) Bætt er við ákvæði um að ef félagsmaður gerist brotlegur við siðareglur og/eða lög félagsins getur stjórn félagsins vikið honum úr félaginu. Þó þarf að bera brottreksturinn undir félagsmenn á félagsfundi. Hér er verið að setja í lög ákvæði um afleiðingar slíkra brota. En til lítils er að hafa lög eða siðareglur ef félagið hefur enginn tók á því að taka á brotum gegn þeim þar sem það kemur skýrt fram 4. gr. laganna að félagsmenn gangist „undir lög og siðareglur félagsins“. Því er eðlilegt að ákvæði sé sett inn í lög in er tekur á því þegar félagsmenn brjóta gegn lögum og siðareglum félagsins.

6. gr. (*Aðalfundur*) Hér er verið að ramma betur inn skipulag og aðdraganda aðalfundar og færa inn í dagskrá kjör fundarstjóra og hvernig skuli taka á því ef áhöld eru um að rétt hafi verið staðið að fundarboði. Einnig er ákvörðun um árgjald færð ofar á dagskrá svo að hún komi í kjölfarið á samþykkt ársreikninga. Tekið er út ákvæði varðandi atkvæðahlutfall við lagabreytingar (sjá breytingar við 9. gr.). Einnig er ákvæði um auglýsingu á aðalfundi breytt þannig að aðalfundur verði auglýstur með opinberri auglýsingu en ekki bréflaga eins og nú er kveðið á um.

7. gr. (*Félagsfundir*) Hér er bætt inn ákvæði um að félagsfundur geti vikið stjórn eða einstökum stjórnarmanni frá störfum og hvernig skuli taka á því ef formanni og/eða meira en 1/3 stjórnar er vikið frá störfum. Ekki er talið eðlilegt og lýðræðislegt að stjórnin hafi vald til þess að víkja félagsmanni úr því en meirihluti félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi geti ekki vikið frá formanni eða stjórn félagsins. Einnig er boðun aukaaðalfundar samræmd, þ.e.a.s. að hann skal auglýsa á sama hátt og aðalfund.

8. gr. (*Stjórn*) Miklar breytingar eru gerðar á þessari grein. Enda er það skoðun núverandi stjórnar að greinin sé bæði óskýr og óeðlilegar skorður settar í kringum kosningu stjórnar og

verkaskiptingu. Fyrsta breytingin er sú að ritari félagsins er einnig skipaður skjalavörður þess og gerður ábyrgur fyrir faglegrri vörslu á gögnum félagsins svo að saga félagsins sé varðveitt. Önnur stór breyting er að formaður skal vera kjörinn til tveggja ára í senn, í stað eins. Markmiðið með breytingunni er að auka stöðugleika í kringum formannsembættið. Þ.e.a.s. að þeir sem bjóði sig fram séu meðvitaðir um að mjög æskilegt sé að binda sig til lengri tíma en eins árs enda verður starfið ekki lært á einni nóttu og gott fyrir félagið að formenn þess sitji í a.m.k. tvö ár. Einnig er verið að samræma kjörtímabil formanns og annarra stjórnarmeðlima. Tekið er út ákvæði um að stjórnarmenn megi ekki sitja lengur en 4 ár í sama embætti. Skýtur það skökku við að binda hendur stjórnar/stjórnarmeðlima þar sem hún skiptir með sér verkum og ekki verður séð að það hljótist einhver skaði af því að fella burt þetta ákvæði, enda er sex ára hámark á stjórnarsetu stjórnarmanna. Sömuleiðis er tekið skýrt fram hvernig skuli standa að kosningu til formanns og stjórnar. Í framhaldi af breytingum varðandi starfstíma stjórnar er bætt við ákvæði um hvernig stjórnin skuli bera sig að ef formaður kýs að hætta áður en kjörtímabili hans lýkur en engin slík ákvæði eru í lögum félagsins. Það ákvæði sem nú er sett inn í lög in gerir ráð fyrir að varaformaður taki við ef formaður hættir áður en kjörtímabili hans er lokið og að stjórn kjósi sér nýjan varaformann úr sínum röðum fram að næsta aðalfundi. Auk þess er sett inn í lög ákvæði um hvernig standa skuli að því ef aðrir hætta í stjórn á miðju kjörtímabili. Þá er gert ráð fyrir að stjórnin skipti milli sín störfum þess sem hættir. Hins vegar ef meir en 1/3 stjórnar hættir og stjórn félagsins af þeirri ástæðu óstarfhæf sökum mannfæðar, skal boða til aukaaðalfunda með sama hætti og kveðið er á um í 7. gr.

9. gr. (*Lagabreytingar*) Hér er verið að hnykkja á því að lagabreytingar varðandi stjórnarkjör taki gildi strax, þ.e.a.s. ef samþykkt er að breyta ákvæðum laga um kjör stjórnar (sem er sjötti dagskrárliður aðalfundar) þá séu stjórnarmenn (áttundi dagkrárliður) kosnir eftir nýju lögum. Einnig er verið að færa ákvæði um atkvæðahlutfall við lagabreytingar til samræmis við önnur ákvæði um ákvæðagreiðslur og láta einfaldan meirihluta gilda í öllum atkvæðagreiðslum á vegum félagsins og varðandi það. Að því undanskyldu að 2/3 atkvæða þarf til þess að breytingartillögur við auglýstar lagabreytingar séu teknar til atkvæða. Auk þess er við greinina bætt hvernig skuli standa að

atkvæðagreiðslu varðandi lagabreytingar en í lögum félagsins kemur ekki fram hvernig slík atkvæðagreiðsla eigi að fara fram.

Breytingar einstakra greina

Eftirtaldar breytingar verði á 4. gr. laganna um skyldur félagsmanna:

Við bætist nýr texti svohljóðandi: „Ef félagsmaður svo sannað sé gengur í berhögg við lög eða siðareglur félagsins, getur stjórn félagsins vikið honum úr félaginu. Ef félagsmanni er vikið úr því á grundvelli brota gegn lögum eða siðareglum þarf að bera brottreksturinn undir félagsmenn á félagsfundi eða aðalfundi. Telst brottreksturinn gildur ef meirihluti fundarmanna greiðir honum atkvæði sitt.“

Eftirtaldar breytingar verði á 6. gr. laganna:

Orðin „bréflaga með minnst tíu daga fyrirvara“ falli brott en nýr texti verði „með opinberri auglýsingu (s.s. í fréttabréfi, gegnum póstlista félagsins eða í fjölmiðlum með minnst 10 daga fyrirvara.“

Við bætist nýr málslíður svohljóðandi: „Formaður lýsir eftir framboðum til fundarstjóra aðalfundar sem að loknu kjöri tekur við fundarstjórn.“

Orðin „Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Í upphafi fundar skal hann ganga úr skugga um að löglega hafi verið til hans boðað og“ og orðin „nema þeim sem lúta að breytingum á lögum félagsins (sbr. 9. gr.)“ falli brott en nýr texti verði „Áður en fundur er settur skulu liggja frami gögn þess efnis að til fundarins hafi verið löglega boðað. Ef áhöld eru um að rétt hafi verið staðið að fundarboði, skal kjörinn fundarstjóri skera úr um lögmati fundarins. Fundarstjóri“. Einnig er bætt við setninguna: „Á fundinum ræður einfaldur ...“ aukasetningin „að breytingartillögu undanskyldum (sbr. 9. gr.)“ og tekin út setningin „nema þeim sem lúta að breytingu á lögum félagsins (sbr. 9. gr.)“.

Eftirtaldar breytingar verði á 7. gr. laganna:

Á eftir setningunni „Skal boða til félagsfunda með sama hætti og til aðalfunda og fundarsköp skulu vera þau sömu“ komi nýr texti svohljóðandi: „Félagsfundur getur vikið stjórn félagsins frá störfum eða einstökum stjórnarmeðlim, ef til hans var rétt boðað og meirihluti fundarmanna greiða brottvikningunni atkvæði sitt. Ef formanni eða meira en 1/3 af stjórninni er vikið frá störfum skal boða strax til aukaaðalfundar, með sama hætti og aðalfund.“

Eftirtaldar breytingar verði á 8. gr. laganna um stjórn félagsins:

Aftan við embættisheitið ritari, bætist eftirfarandi texti svohljóðandi: „sem jafnframt er skjalavörður félagsins“.

Orðin „Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðal- og félagsfunda. Hún skipuleggur starf félagsins og sér jafnframt um að framkvæma ákvarðanir félags- og aðalfunda. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum í umboði sínu. Stjórn skipa sjö félagsmenn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, vefstjóri, ritstjóri fréttabréfs og meðstjórnandi. Á aðalfundi skal formaður kjörinn til eins árs í senn og er enginn kjörgengur lengur en fjögur ár í röð. Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn, þrjú ár hvert, og er enginn þeirra kjörgengur lengur en fjögur ár í röð. Enginn má þó sitja í stjórn lengur en sex ár samfelld. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund ár hvert skiptir hún með sér verkum.“ falli brott en nýr texti verði „Á aðalfundi skal formaður kjörinn til tveggja ára í senn og getur enginn setið lengur sem formaður en í sex ár. Ef fleiri en tveir bjóða sig fram til formanns skal kjósa í tveimur umferðum, þar sem í síðari umferðinni skal kosið milli tveggja efstu. Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn á aðalfundi. Enginn má þó sitja í stjórn lengur en sex ár samfelld. Kosning stjórnarmeðlima skal fara þannig fram að kosið er um hvern frambjóðanda sér og skulu þeir ganga í stjórn sem flest atkvæði fá. Ef frambjóðendur fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund ár hvert skiptir hún með sér verkum.“

Óski formaður þess að hætta áður en kjörtímabilið rennur út, skal varaformaður taka við og stjórn skipa nýjan varaformann fram að næsta aðalfundi úr hópi stjórnar. Óski stjórnarmeðlimur eftir lausn frá störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal stjórnin skipta með sér störfum hans fram að næsta aðalfundi. Ef meira en 1/3 stjórnar hættir skal boða til aukaaðalfundar á sama hátt og kemur fram í 7. grein.“

Eftirtaldar breytingar verði á 9. gr. laganna um lagabreytingar:

Orðin „Til lagabreytinga þarf samþykki minnst 2/3 fundarmanna“ falli brott en nýr texti verði „Skal atkvæðagreiðsla um lagabreytingar fara fram með þeim hætti að kosið er sérstaklega um hverja lagagrein. Fundarmenn geta lagt fram breytingartillögur við auglýstar lagabreytingar ef 2/3 fundarmanna samþykkir að þær séu lagðar fram. Kjósa skal fyrst um breytingatillögur. Einfaldan meirihluta þarf til þess að breyta lögum félagsins.“

KJARAKÖNNUN - NIÐURSTÖÐUR OG NÆSTU SKREF

Síðastliðið haust bárust stjórn Sagnfræðingafélagsins erindi um kjör sagnfræðinga og ábendingar um að brögð virtust vera að því að fólki væri boðin fullkomlega óásættanleg laun. Veltu einhverjir vöngum yfir því hvaða augum fólk utan fagsins liti störf sagnfræðinga (er þetta einrómt hobbý?) á meðan aðrir spurðu hvort ekki yrði að líta inn á við (hvað biðjum við um? hafa sagnfræðingar alltaf staðið við sitt?). Þetta er vitaskuld ekki í fyrsta eða síðasta sinn sem slík umræða á sér stað en nú ákvað stjórn Sagnfræðingafélags Íslands að gera litla könnun um viðhorf félagsmanna til kjaramála ásamt því að leggja fyrir þá spurningar um hvernig staðan væri nú. Sett var upp netkönnun í nóvember og hún auglýst bæði á heimasíðu félagsins og Gamma-brekku. Svör bárust frá 52 einstaklingum, 32 körlum og 20 konum, flestir voru í vinnu hjá hinu opinbera að hluta eða öllu leyti og stærsti einstaki aldurshópurinn milli fertugs og fimmtugs. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þessarar könnunar en lítið verður um að niðurstöður einstakra spurninga verði sundurgreindar eftir hópum. Ef lesendur eru forvitnir um hvað t.d. sjálfstætt starfandi fræðimenn hafa oft samið og birt fræðigreinar án þess að fá greitt fyrir má skoða Excel-skjal með sundurgreindum upplýsingum á heimasíðu félagsins, www.sagnfraedingafelag.net.

Fyrst er að geta þess hvernig staðan er nú. Fyrirlestrar og fræðigreinar eru algengur framsetningamáti hjá fjölmörgu vísindafólki og var því spurt „Hvað hefur þú að jafnaði fengið greitt fyrir gerð og flutning fræðilegs fyrirlesturs?“ og „Hvað hefur þú að jafnaði fengið greitt fyrir gerð og birtingu ca. 20 bls. fræðigreina?“ Tekið var fram í leiðbeiningum könnunar að merkja skyldi við þann möguleika sem best ætti við hverju sinni. Við fyrri spurningunni var rúmur helmingur sem svaraði 20.000 kr. eða minna og sá sem hæstu töluna nefndi merkti við 40.000 kr. Hafi einhvern undrað að sjá sama fólkið flytja nánast sama fyrirlestur við nokkur tækifæri gæti hér verið komin ein af skýringunum fyrir því. Að minnsta kosti verður að vona að fræðimenn sjái fram á fleiri leiðir til tekjuöflunar en að halda fyrirlestra.

Greinaskrif virðast gefa örlítið betur af sér, þar nefndi um tíundi hluti upphæðir um og yfir 200.000 kr. Stærsti hluti þátttakenda, 28 talsins,

hafði vísu aldrei fengið greitt fyrir slík skrif en þar af gætu leynst einhverjir sem ekki hafa birt fræðigreinar af þessu tagi. Flestir þeirra sem hafa haft eitthvað upp úr fræðigreinum nefna tölur undir 50.000 kr. Töluverður munur kemur augljóslega fram í þessum svörum en aftur verður að vonast til þess að flestir fái eitthvað fleira í vasann fyrir sína fræðivinnu heldur en greiðslur fyrir birtingar greina.

Ætli peningarnir streymi þá inn við ýmiskonar verkefni, þar sem greitt er fyrir afmarkað hlutverk?

Um helmingur aðspurðra (og langflestir þeirra sem höfðu á annað borð fengið greitt fyrir slíka vinnu) voru með tímalaun á bilinu þrjú til fjögur þúsund krónur að jafnaði. Af þessum þremur þáttum gefst fólki helst tækifæri til að semja um kaup og kjör í þessum síðasta lið og því ekki úr vegi að minnast á tvo þætti sem hafa mikil áhrif á slíka samninga. Annars vegar hvað aðrir fræðimenn eru tilbúnir til þess að vinna sama verkefni fyrir og hins vegar hvaða hugmyndir vinnuveitandi hefur um kostnað við sagnfræðiverkefni. Tæpur þriðjungur hefur orðið var við undirboð annarra en tveir af hverjum þremur hafa orðið varir við að vinnuveitendur bjóði laun langt undir því sem þeir telja eðlilegt. Ósagt er hversu algeng undirboðin og lágu boðin eru en þau virðast vera nokkuð útbreidd. Hér má ljóst vera að töluverður munur hlýtur að vera á væntingum sagnfræðinga og þess sem vinnuveitendur eru tilbúnir til að borga. Endurspeglast það nokkuð í því sem fólk hefur þegið í laun og því sem það telur eðlilegt að fá en þar er töluverður munur á.

Í könnunni var ekki spurt um hvað fólk vildi fá að launum fyrir ýmsa vinnuþætti heldur hvað þeim þætti eðlilegt að greitt væri. Fyrir gerð og flutning fræðilegs fyrirlesturs þótti einum eðlilegt að fá greitt undir 20.000 kr. en öðrum um 100.000 kr. en flestir merktu við 30.000 kr. en rúmur fjórðungur merkti líka við 50.000 kr. Hér er rétt að vekja athygli á því að Hagþenkir, félag höfunda fræðiritna og kennslugagna, hefur 47.334 kr. sem aðalviðmiðun fyrir gerð og flutning fyrirlesturs og hærri upphæð ef erindið er greitt af opinberum/fjársterkum aðila. Viðmiðanir Hagþenkis má sjá á síðu félagsins: www.hagthenkir.is. Ljóst má vera að sagnfræðingar eru almennt ekki óeðlilega heimtufrekir í launa-

KJARAKÖNNUN - NIÐURSTÖÐUR OG NÆSTU SKREF

kröfum sínum – frekar mætti segja að það sem talið er eðlilegt hér gæti skoðast sem undirboð af öðrum.

Þegar kemur að greinaskrifum er aftur nokkur munur á því sem talið var eðlilegt af þátttakendum og því sem þeir höfðu fengið greitt. Á meðan margir höfðu fengið um 20.000-30.000 kr. fyrir gerð 20 síðna greinar þótti flestum þátttakendum eðlilegt að fá á bilinu 50.000-100.000 kr. Þó tveir nefni 300.000 kr. Séu væntingar sagnfræðinga bornar saman við taxta Hagþenkis sést að þar munar líka töluverðu. Félag höfundar fræðirita telur eðlilega sáttatillögu 10.000 kr. fyrir hverja síðu sem gerir þá 200.000 kr. fyrir 20 blaðsíðna grein og „miðast ekki við að beðið sé um nýja rannsókn/úttekt eða umfjöllun sem krefst sérstakra rannsókna eða viðtækrar heimildaleitar.“ Eru sagnfræðingar raunsærri en aðrir í sömu sporum eða grunlausir um almenn viðmið? Í öllu falli virðist nauðsynlegt að endurmeta stöðuna.

Tímavinnu virðast sagnfræðingar nokkuð sam-mála um að selja á 4.000-6.000 kr. en einungis um fimmtungur nefndi tölur utan þessa bils sem eðlilega viðmiðun. Hér er ekki hægt að miða við taxta Hagþenkis því þar er ekkert sagt um slíka vinnu. Ef til vill er þá hægt að miða við aðrar starfstéttir sem selja staka vinnu sína eftir tíma-kaupi. Fyrir nokkrum árum fékk ég það ráð hjá mér reyndari mönnum að miða launakröfur mínar við taxta iðnaðarmanna, svo sem pípara og raf-virkja. Þó stéttirnar séu vissulega ólíkar að mörgu leyti má segja að báðar hafi yfir að ráða á-kveðinni sérþekkingu og hæfni sem þarf að vera til staðar eigi verkið að vera vel unnið. Ef við höldum okkur við þessa viðmiðun virðast launa-kröfur sagnfræðinga eðlilegar. En ef miðað er við t.d. útselda vinnu lögfræðinga má vekja athygli á að tímagjald fulltrúa án lögmannsréttinda á einni stærstu lögfræðistofu landsins er, án virðisauka-skatts, 16.200 kr. og hækkar eftir reynslu og menntun auk þess sem ýmiskonar álag getur komið á taxtann. Sá sagnfræðingur sem hæsta upphæð tilgreindi sagði 15.000 krónur á tímann

og kemst því nálægt þeim taxta sem ætlaður er nýútskrifuðum lögfræðingum.

Með þetta í huga er áhugavert að nefna athuga-semnd frá einum þátttakandanum sem gat þess að svör hans væru miðuð við það sem „raunhæft má ætla á fyrstu stigum kjarabaráttunnar“ en síðar yrði að miða við „sérfræðinga í lögfræði, verk-fræðinga, læknisfræðinga“. Hagfræðingar og stjórnmálafræðingar voru líka taldir til fyrir-mynda í þessum málum. Margar aðrar gagnlegar tillögur komu fram í lok könnunarinnar og verða þær helstu dregnar saman hér. Nokkrir lýstu eftir aðgengilegum upplýsingum og töxtum og einn tók sérstaklega fram að þeir mættu þá vera nokkuð hærri en hjá Hagþenki, sem er sérlega áhugavert í ljósi þess sem áður hefur komið fram. Hins vegar var líka goldið varhug við því að setja fram viðmiðunartaxta þar sem breyturnar væru svo margar, menntun, reynsla, viðfangsefni, lengd verkefnis svo dæmi séu tekin. Aðrir vildu stéttarfélag og margir minntust á stéttarvitund í einhverju formi. Tvær athugasemdir komu varð-andi að ekki var hægt að merkja við að eðlilegt væri að fá ekki greitt fyrir greinaskrif, sökum þess að víða tíðkaðist ekki að greiða fyrir birtingu greina heldur borguðu höfundar með greinum sínum. Að lokum er að geta þess að kallað var eftir samstöðu milli hugvísindagreina og bættri ímynd fagsins.

Að mati höfundar er nauðsynlegt að styrkja vit-und sagnfræðinga um kaup og kjör annarra starfsstétta áður en hugað er að ytri ímynd fagsins. Ljóst er að viðmiðunartaxtar fyrir almenn fræðistörf eru til og eru aðgengilegir öllum sem þá vilja nálgast en ef til vill þyrfti að koma þeim upplýsingum skýrar til sagnfræðinga. Viljum við standa með öðrum um þá taxta eða leggja fram önnur viðmiðunarverð? Hafa félags-menn áhuga á að halda fund um kjaramál og ræða næstu skref?

Karl Jóhann Garðarsson

Hádegisfyrirlestrum Sagnfræðingafélagsins hefur verið vel tekið í vetur eins og oftast áður. Þeir eru vel sóttir og þeirra er að góðu getið í fjölmiðlum. Margt fróðlegt hefur komið fram í erindunum og þau bera því vitni að fræðimenn eru sífellt að leita svara við gömlum og nýjum spurningum í sögu Íslands. Hádegisfyrirlestrarnir staðfesta jafnframt þá viðleitni fræðasamfélagsins að koma rannsóknnum sínum á framfæri við almenning. Það ber að virða og í háskólum og hjá samkeppnisjóðum meta menn enda framlag fræðimanna eftir því hvaða áhrif það hafi. Þannig reyna fulltrúar Rannís til dæmis að meta hvort rannsóknir nái svokölluðum „high impact“, miklum áhrifum.

En svo er það spurning *hvar* áhrifin finnast, í fræðasamfélaginu einu, í útlöndum eða meðal almennings á Íslandi. Þannig þarf varla að taka fram í Fréttabréfi Sagnfræðingafélagsins að í dag leggja fáir sagnfræðingar fullan trúnað á hina rómantísku sögusýn sem var ráðandi á dögum sjálfstæðisbaráttunnar og langt fram eftir síðustu öld. Nú fallast íslenskir sagnfræðingar miklu frekar á hina endurskoðuðu útgáfu sögunnar. Þeir skrifa með öðrum orðum ekki um hið glæsilega þjóðveldi, svik landráðamanna 1262 og kúgun vondra útlendinga öldum saman uns eldar sjálfstæðis, frelsis og dugnaðar kviknuðu nær samtímis í hugum Íslendinga. Í staðinn birtist okkur flóknari veruleiki.

Dæmi um þetta hafa verið nefnd í hádegisfyrirlestrum vetrarins. Í erindi sínu um eftirmæli Gissurar Þorvaldssonar nefndi Úlfar Bragason rannsóknarprófessor til að mynda að Gissur hefði ekki verið það illmenni sem lengi hefði verið talið hér á landi. En Úlfar benti líka á að þrátt fyrir endurskoðunartilburði sagnfræðinga hafi Gissur ekki fengið uppreisn æru. Hann þyki sami föðurlandssvikarinn og áður, Íslendingar sitji í raun áfram „fastir í stórsögu sjálfstæðisbaráttunnar“ og hin meintu föðurlandssvik Gissurar jarls og annarra níðinga árið 1262 séu hiklaust rifjuð upp í pólitískri baráttu dagsins í dag, einkum ef talið snýst um Icesave eða ESB.

Þess vegna verður að spyrja hvort nýjustu rannsóknir á sögu Íslands hafi haft tiltölulega lítil áhrif frekar en „high impact“ meðal almennings eða íslenskra stjórnmalamanna. Annað dæmi í því sambandi: Á hádegisfundi fyrir jól, þegar Guðmundur Hálfðanarson prófessor velti því fyrir sér

hvort íslenskt fullveldi væri í kreppu, rifjaði hann meðal annars upp þau orð Hannesar Hafsteins í *Politiken* árið 1906 að enginn Íslendingur vildi slíta öll tengsl við Danmörku. Guðmundur hefur verið í fararbroddi endurskoðunarinnar en hafa hann og aðrir í þeim hópi kannski ekki náð eyrum landsmanna? Hafa þeir ekki, svo vitnað sé í lista-skáldið góða, gengið til góðs götuna fram eftir veg (eða gengið hana einir)?

Mýmörg dæmi mætti nefna því til stuðnings að hin eldri útgáfa sjálfstæðisbaráttunnar lífi góðu lífi meðal landsmanna og ekki síst hjá stjórnmalastéttinni. Hér verður staldrað við þingræðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, í umræðum um „rikisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta“ (Icesave-deiluna), ekki síst vegna þess að orð hans sýna einnig vel hve sagan getur verið öflugt vopn að mati ráðamanna. (Þar að auki vék Sigmundur Davíð að sögu þorskastríðanna sem greinarhöfundur hefur mikinn áhuga á). Ræðan var flutt 29. ágúst 2009 og var svohljóðandi:

Það sem við höfum séð í þessu máli eru ekki bara vinnubrögð sem eru algjörlega óásættanleg af hálfu löggjafarþings, við höfum líka séð hættulega þróun í hugarfari. Dyggðum er snúid á hvolf. Það má ekki lengur tala um stolt, það er frekar reynt að gera lítið úr fyrri afrekum þjóðarinnar til þess að gera aumingjaskapinn nú bærilegri. Sagan er endurskrifuð, sagt að aðstæður hafi verið allt aðrar hér áður fyrr. Í sjálfstæðisbaráttunni hafi þetta ekki verið svona erfitt vegna þess að þá voru utanaðkomandi aðstæður öðruvísi, jafnvel þorskastríðin hafi verið miklu auðveldari en þetta vegna þess að utanaðkomandi aðstæður hafi verið öðruvísi. Þetta er sögufölsun og einungis til þess gerð að menn geti betur sætt sig við þann aumingjaskap sem þeir sýna í málinu núna.

Ég ætla ekki að taka þátt í að gera lítið úr afrekum þjóðarinnar í fortíðinni til að gera aumingjaskap núverandi ríkisstjórnar bærilegri. Við ættum frekar að líta til þeirra afreka sem þessi þjóð hefur við miklu erfðari aðstæður en nú náð fram. Íslendingar voru ekki nema á bilinu 50–70 þúsund á 19. öldinni þegar þeim þótti sjálfsagt að landið yrði sjálfstætt ríki þó að í heiminum væru ekki nema u.þ.b. 20 sjálfstæð lönd, hvert þeirra milljóna stórríki. Þá þótti 50 þúsund Íslendingum ekkert sjálfsagðara en að við fengjum sjálfstæði

SAGNFRÆÐI Á LÍÐANDI STUNDU

og þeir voru tilbúnir að berjast fyrir því og taka mikla áhættu og jafnvel tilbúnir að vitna í 600 ára gamla sáttmála máli sínu til stuðnings. Ætli einhverjum þætti ekki hallærislegt núna ef farið væri að vitna í 600 ára gamla sáttmála?

Þess þarf ekki. Það nægir að vitna í núgildandi lög Íslands og Evrópusambandsins en menn eru ekki einu sinni tilbúnir til þess. Árið 1918 þegar þjóðin fékk loksins fullveldi voru hér innan við 100 þúsund manns. Margir höfðu afskaplega litla trú á því að 100 þúsund manns hefðu nokkuð við sjálfstæði að gera og áhættan sem því fylgdi væri allt of mikil. Ef það hugarfar sem hefur verið ríkjandi af hálfu meiri hluta ríkisstjórnarinnar í þessu máli hefði ráðið för væri Ísland ekki enn orðið sjálfstæð þjóð.

Ég veit að það má líklega ekki tala um þorskastríðin en ég ætla samt að nefna þau vegna þess að það hefur verið gert frekar lítið úr þeim til þess að réttlæta gjörðirnar nú, en ætli áhættan hafi ekki verið töluverð þá þegar menn fóru í stríð við eitt mesta herveldi heims og langstærsta útflutningsmarkað Íslands? Ætli efnahagsleg áhætta hafi ekki verið mikil svo ekki sé minnst á líf og limi? Menn létu sig hafa það vegna þess að þeir höfðu stolt og ætluðu ekki að líta í gras.

Nú virðist því miður um stund úrtöluþjófk, sem alltaf hefur verið til í gegnum þessa sögu sem ég rakti, ætla að verða ofan á. En það er einungis þegar slíkar raddir hljóðna sem Íslandi vegnar fram á veginn. Þörfin fyrir að kveða niður slíkar

raddir hefur sjaldan verið jafnmikil og nú.

Ekki er að undra ef þessi skýra og skilmerkilega söguskýring hljómar betur í eyrum margra landsmanna en ályktanir sagnfræðinga og annarra fræðimanna um alls engin föðurlandssvik 1262, sjálfstæði sem kom allt eins að utan, þorskastríð sem voru nú ekki stríð og aðrar meintar sögu-falsanir.

Og verður þá bara að hafa það? Hvað geta þeir sagnfræðingar gert sem vilja samt sem áður halda sínu fram og stefna að því að sjónarmið þeirra verði hin viðtekna skoðun í landinu frekar en áróður stjórnmalamanna? Fyrst og fremst verða menn að gera sér grein fyrir því að það verða alltaf til stjórnmalamenn með aðra sýn en þeir á liðna tíð, og staðráðnir í að halda sinni útgáfu sögunnar fram. En jafnframt ættu sagnfræðingar að sjálfsgöðu að nýta þann áhuga og laumast í raun í raðir „óvinarins“, skrifa í kristnihátíðarsögur og ímyndarskýrslur stjórnvalda, þingræðisögur og – já – forsætisráðherrabækur ef því er að skipta.

Auðvitað má vel vera að landsmenn og valdhafarnir vilji fyrst og fremst einhvers konar hetju- og sameiningarsögu og telji hlutverk sagnfræðinga felast í því að vera einhvers konar upplýsinga- eða ímyndarfulltrúar ríkis og þjóðar. En sé svo er enn meiri ástæða til að taka slaginn.

Guðni Th. Jóhannesson

HEIMSPING SAGNFRÆÐINNAR 2010

21. heimsping sagnfræðinnar verður í Amsterdam í Hollandi dagana 22.-28. ágúst 2010. Þingið er haldið á fimm ára fresti en síðast var það í Sydney í Ástralíu árið 2005. Heimspingið er vettvangur fyrir sagnfræðinga að koma á framfæri rannsóknnum og kynnst hvað er að gerast í fræðigreininni í heiminum. Æsa Sigurjónsdóttir verður með erindi á þinginu en það er í málstofunni „Images, Mass Media and History“.

Skráningargjald er 240 evrur og 120 evrur fyrir nema, en eftir 1. maí hækkar gjaldið í 380 evrur og 190 evrur fyrir nema. Upplýsingar um dag-

skrá, skráningu og gistimöguleika er að finna vef þingsins <http://www.ichs2010.org>.

Benda má á að ýmsir styrkir eru í boði til að sækja slíkar ráðstefnur. T.d. geta félagsmenn sem eru aðilar að BHM sótt um styrki í starfsmenntunarsjóð BHM. Einnig er hægt að sækja um styrki til Hagþenkis – félags höfunda fræðirita og kennslugagna (ferða- og menntunarstyrkir) fyrir þá sem eru aðilar að því félagi.

HUGLEIÐINGAR UM RÉTTARSÖGU

Greinarhöfundur hefur í allnokkur ár unnið að undirbúningi útgáfu á dómum yfirréttarins á alþingi. Yfirrétturinn var æðsta dómssstig innanlands. Þangað mátti áfrýja dómum lögréttu, sem var í raun skylt að gera, áður en málum var vísað til konungs eða Hæstaréttar í Danmörku. Yfirréttur varð til samkvæmt konungsbréfi 1563 og starfaði til ársins 1800, þegar Landsyfirrétturinn var stofnaður.

Dómabækur yfirréttarins eru til frá árunum 1708-1715 og 1780-1800. Dómar frá árunum 1749-1796 voru gefnir út í *Acta yfirréttarins* og hafa varðveitt þannig. Einnig má finna dóma í ýmsum skjalasöfnum í Þjóðskjalasafni Íslands og í safni Árna Magnússonar sem og dómsskjöl. Heimildir um yfirréttinn fyrir árið 1700 eru harla fátæklegar.

Þeir, sem skoða Alþingisbækur Íslands, sjá, að dómum og málsmeðferð þar má líkja við nöguð bein og mergsogin. Sama má yfirleitt segja um dóma yfirréttarins. Þegar dómsskjöl eru könnuð, fæst kjötið og mergurinn með. Því hefur verið ákveðið að láta skjölin fylgja í útgáfunni.

Það er skoðun höfundar, að þessi málsskjöl og dóma- og þingbækur sýslumanna og meðfylgjandi dómsskjöl séu þeir skjalaflokkar, sem gefi skýrasta mynd af íslenzku samfélagi á 18. öld og raunar þeirri níttjándu líka. Þarna birtast fjölmargir þættir í lífi fólks og aðstæðum þess.

Margra áratuga starf á Þjóðskjalasafni við ýmiss konar upplýsingaöflun hefur, auk útgáfu-undirbúningsins, vakið hjá höfundi spurningar um, hvernig íslenskt samfélag og eðli þess hefur breytzt frá 18. öld til upphafs 21. aldar.

Á 18. öld voru lögmenn og sýslumenn æðsta dómvald innanlands, sátu bæði í lögréttu og yfirdómi. Í yfirdómi var þó amtmaður dómforseti. Sömu aðilar dæmdu einnig í héraði, því að lögmenn höfðu oft sýslur jafnframt. Þeir fengu þó stundum til lögsagnara, sem virðast hafa verið fullkomin handbendi lögmanna í málum, er vörðuðu þá sjálfa. Lögmenn og sýslumenn voru gjarnan meðal helztu eignamanna landsins. Hagsmunir þeirra fóru saman við annarra, sem eitthvað áttu undir sér. Stundum gat svo farið, að náskyldir menn skipuðu yfirdóminn að mestu leyti. Árið 1799 var Ólafur Stefánsson stiftamtmaður dómforseti. Dómarar voru sex, þar af þrír synir Ólafs og sá fjórði systursonur hans.

Breytt löggjöf og stjórnskipun hefur fært þetta vald frá dómvaldinu. En hvert? Hefur það ekki færzt til stjórnmalamanna, sem ráða í raun löggjafar-, dóms- og framkvæmdavaldi? Hvað segja yfirréttardómar, yfirréttarskjöl, Alþingisbækur og aðrar heimildir um framferði sýslumanna á 18. öld?

Bjarni Halldórsson, sem var sýslumaður í

Húnavatnssýslu, var settur af embætti af Joachim Lafrentz amtmanni árið 1741 fyrir margar sakir. Þá kærðu Húnvetningar Bjarna fyrir amtmanni og var málið rannsakað. Vitni vísuðu til dómabókar sýslumanns, sem neitaði að láta hana af hendi. Meðal annars hafði Bjarni látið hýða konu tvisvar og síðan brennimerkja fyrir fyrsta framinn þjófnað. Konan var barnshafandi og dó fáum dögum síðar. Bjarni var í Kaupmannahöfn á árunum 1741-1744 og fékk mál sín tekin upp og embætti að nýju enda sýknaður í Hæstarétti.

Annar ribbaldi í sýslumannastétt var Erlendur Ólafsson sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, sem Magnús Gíslason amtmaður setti af embætti árið 1760 fyrir ýmsar sakargiftir. M.a. fyrir að hafa árið 1754 dæmt Guðmund nokkurn Bjarnason til hýðingar og brennimarks fyrir þjófnaðarhvatningu og meðvitund, þótt ósannað væri, og lagt refsinguna þegar á Guðmund, þó að hann vildi stefna máli sínu til alþingis. Var Erlendur dæmdur frá embætti á alþingi 1754, en slapp í yfirrétti árið eftir, þó með stórsektir. Yfirréttur dæmdi Erlendi embættismissi árið 1763 fyrir mikla vanrækslu í meðferð morðmáls, en hann sigldi til Kaupmannahafnar og náði embættinu aftur.

Hans Klingenberg bóndi á Krossi á Akranesi fékkst við verzlun. Magnús Gíslason amtmaður á Leirá aðvaraði hann a.m.k. fyrir tóbaks- og brennivinsprang. Árið 1760 sagði Hans við mann nokkurn heima á Krossi: „Þú máttir finna mig áður en þú angafst mig fyrir því yfirvaldi, sem vill og hefur viljað sitja eftir lífi mínu og æru, ef hann hefði getað.“ Maðurinn bar orðin til eyrna amtmanns, sem kærði þau til sýslumanns, er dæmdi Hans í háa sekt. Dómurinn var staðfestur á alþingi árið 1761 og í yfirrétti árið eftir. Yfirréttur taldi „skammarorðin“ næsta „hatursleg og öfundsöm“, en þó ekki „ærukrenkjandi“, og var sektin lækkuð nokkuð. Hans stefndi málinu fyrir Hæstarétt í Kaupmannahöfn. Dómur Hæstaréttar er ekki kunnur, en í bókinni *Stiftamtmennt og amtmenn á Íslandi 1750-1800* ætlar Magnús Ketilsson, að amtmaður hafi ekki riðið feitum hesti frá þeim dómi.

Amtmaður svipti Halldór Jakobsson sýslumann í Strandasýslu embætti árið 1764 fyrir ýmsar sakir, meðal annars að hafa látið Fjalla-Eyvind og Höllu konu hans ganga laus, svo að þau sluppu úr varðhaldi sýslumanns. Hann hafi síðan bannað bændum að sækja önnur þing en þau, sem hann sjálfur héldi, þegar rannsaka átti fangahaldið. Þá hafði sýslumaður veitt sjötugum bónda heimreið að næturþeli og barið hann með kórða sínum. Kansellíið danska vísaði málinu til alþingis árið eftir. Þar var Halldór dæmdur í sektir og hélt embætti.

Embættismenn munu tæpast sleppa svo vel núna. Stjórnmalámennt fá pólitískar syndaaflausnir.

Dómar og dómsskjöl fyrri alda sýna oft hugarfar, sem nútímamönnum þykir fíranlegt. Framburður vitna bar oft augljós vitni sefasýki eða illvilja, en andstæðum vitnisburðum var ekki sinnt.

Í galdramáli Ara Pálssonar úr Arnarfirði, sem hófst árið 1676 og Árni Magnússon og Páll Vídalín fengu síðar til meðferðar, mun Borgar nokkur Sigurðsson hafa svarið þess eio, að við hann hafi talað óhreinn andi í hundslíki og sagzt vera sendur frá Ara Pálssyni og ætti að drepa Borgar eða eitthvað hans. Margir fleiri vitnuðu um margháttuð veikindi eða áföll, sem þeir kenndu Ara. Konu einni dugði að sjá hann ríða fram hjá bæ sínum til þess að fá kast. Sýnu verst varð henni við, þegar hún sá Ara fyrir rétti. Nægði það dómendum til þess að leyfa konunni að sverja Ara valdan að veikindum, sem hana hrjáðu. Ýmsir höfðu viljað vitna Ara í hag, en á þau vitni var ekki hlustað. Hann var brenndur á Þingvöllum árið 1681.

Minnir þetta ekki á ýmsar blaðgreinar og blogg færslur, sem margir lesendur taka sem stóra sannleika, þótt þar sé um fullyrðingar einar að ræða og mótsagnirnar berlegar?

Christian Müller amtmaður ræddi í bréfi til stiftamtmanns árið 1707 um vandkvæði á því að fá óvilhalla dómsmenn í yfirrétti. Í þjófnadarmáli, sem yfirréttur dæmdi árið 1703, fylgdu aðeins 10 dómendur amtmanni að málum. Báru þeir fyrir sig lög og rök, en hinir 14 fornan myndugleika lögmanna. Útnefndardómur undir forystu Lauritz Gottrups lögmanns hafði dæmt þjófinn í tvær stórfelldar húðlátsrefsingar, sem næst gengju lífi, og í varðhald sýslumanns. Dómurinn var auglýstur í lögréttu árið 1702. Hæstiréttur mun hafa staðfest dauðadóm amtmanns árið 1706.

Greinarhöfundur hefur haldið því fram í hálfkæringi, að dómáram hafi löngum tekið harðar á þjófum, ekki sízt þeim, sem stálu sér til matar, heldur en manndrápurum og ofbeldismönnum. Einkum ef lítilmagnar áttu í hlut. Mál lítilmagna bárust yfirrétti yfirleitt ekki. Dómabækur sýslumannna, Landsyfírréttar- og Hæstaréttardómar bera vitni um meðferð slíkra mála. Nokkur dæmi skulu nefnd:

Giftur óeirðarmaður um kvennafar réðst vinnumaður á bæ og tók fljótt upp sambúð við húsfreyjuna. Árið 1835 nauðgaði hann átta ára dóttur húsráðenda. Þegar bóndinn rak vinnumanninn af heimilinu, fylgdi konan honum. Málið þvældist í réttarkerfinu, en árið 1838 dæmdi Landsyfírréttur karlinn til dauða fyrir nauðgun, sífjaspell og hórdom. Móðirin skyldi hýdd fyrir hórdom. Hæstiréttur staðfesti hýðingardóminn, en dæmdi karlinum sex ára betrunarhússvist. Barnið fékk engar bætur.

Um 1860 voru hjón kærð fyrir illa meðferð á börnum bóndans frá fyrra hjónabandi, en eitt þeirra dó. Landsyfírréttur ályktaði, að meðferð og viðgern-

ingur hafi verið ógurlega ill og drengurinn, sem dó, nær horfallinn. Hin ákærðu játuðu, að þau hefðu komið sér saman um slíka meðferð. Landsyfírréttur dæmdi hjónin í fjögurra ára betrunarhússvist. Hæstiréttur í Danmörku sýknaði þau.

Árið 1903 lést 10 ára sveitardrengur. Sýslumaður tók málið til rannsóknar vegna fregna um illa meðferð. Sveitaryfirvöld, sóknarprestur og prófastur höfðu lítt sinnt umkvörtunum föðurins eða hunzað þær. Líkið reyndist mjög magurt, sár víða og drep í tám. Húsbóndinn játaði harkalegar hýðingar og alvarlegt ofbeldi. Landsyfírréttur dæmdi bóndann til tólf mánaða fangelsisvistar fyrir misþyrmingar, en víska fyrir eiginlegri dauðaorsök álitin skorta.

Síðla sumars árið 1924 var níu ára drengur lánaður sem léttadrengur. Fimm vikum síðar fannst hann örmagna milli bæja. Missti hann allar tær og varð að taka af fremsta hluta nokkurra ristarbeina. Málið var dæmt vorið 1926. Framfærsluhreppur drengsins krafðist greiðslu legu- og læknskostnaðar og bóta til handa drengnum fyrir örku. Sýslumaður áleit drenginn sámilega færan til gangs og lesting á fótum ekki talin gera „hann óhæfan til þess að afla sér lífsviðurværis með venjulegri vinnu.“ Bótakrafan var því ekki tekin til greina, en húsbændur dæmdir til fimm daga fangelsis hvort, við vatn og brauð. Hæstiréttur staðfesti bótaleysið, krafan var ekki gerð af réttum aðila.

Nokkur kynferðisbrotamál hafa verið dæmd á þessu ári, 2010. Hinir brotlegu hafa verið dæmdir til fangelsisvistar og til þess að greiða brotapolu, stúlkum, fábætur, t.d. eina milljón til stúlk, sem var nauðgað af bróður sínum og gefin eiturlýf. Óvíst er, hvort þau andlegu sár, sem stúlkurnar hafa hlotið, eigi nokkurn tíma eftir að gróa. Jafnvel megi segja, að hér hafi verið framin sálarmorð. Þau eru í mesta lagi metin jafngild tveggja mánaða launum dómara.

Réttarsögu hefur lítið verið sinnt hér á Íslandi. Það eru fyrst og fremst lögfræðingar með sagnfræðihuga, sem hafa fengizt við slíkar rannsóknir, einkum afmarkaða þætti.

Alþingisbækur Íslands, Landsyfírréttar- og Hæstaréttardómar eru til prentuð. Þjóðskjalasafn hefur í samvinnu við óbyggðanefnd unnið að samningu efnisyfirlita dómabóka sýslumannna, sem vonandi verður framhald á. Útgáfa á yfirréttardómum og dómsskjölum er fyrirhuguð. Þegar allt þetta efni verður aðgengilegt, mun erfitt að skorast undan því að hefja víðtækar rannsóknir í réttarsögu, meðal annars á viðhorfi til brotþola. Þeir hafa löngum mátt una við bótaleysi eða hundsbætur og síðan gleymsku samfélagsins. Mannúdarkjökrið vegna hinna brotlegu virðist hins vegar ekki láta á sér standa, þegar að afpláun refsingar kemur.

Björk Ingimundardóttir

UNDIR HORNAFJARÐARMÁNA - 11. LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNAN

Sameiginleg landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélagsins og Félags Þjóðfræðinga verður haldin 21.-23. maí í samstarfi við Fræðasetur Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði, Reykjavíkur-Akademíuna og heimamenn.

Að þessu sinni verður haldið austur á bóginn í ríki náttúrunnar undir Vatnajökli. Ráðstefnan verður með svipuðu sniði og Strandhögg árið 2009. Á föstudeginum verður keyrt á Hala í Suðursveit með viðkomu á Kirkjubæjarklaustri. Á Hala munu heimamenn fræða okkur um verk Þórbergs Þórðarsonar og gefst gestum tækifæri á að skoða Þórbergsetur.

Fyrri ráðstefnudagurinn verður síðan í formi vettvangsferðar þar sem ráðstefnugestir fíkra sig í átt að náttstað á Höfn í Hornafirði. Áð verður á

völdum stöðum þar sem gestir verða leiddir í allan sannleikann um sögu og þjóðfræði svæðisins. Gist verður á Höfn og kvöldverður snæddur á Humarhöfninni. Á sunnudeginum verður haldin opin málstofa með heimamönnum á Höfn

Efni ráðstefnunnar verður mjög fjölbreytt sem endra nær. Nokkrir af okkar færustu fræðimönnum munu fjalla um sagnir og þjóðsögur undir Vatnajökli, undrandi ferðamenn, lestur forn-bókmennta, trúarmiðstöðvar á miðöldum, rúmföt, fornleifarannsóknir á svæðinu og margt fleira. Það er því óhætt að lofa afar spennandi ráðstefnu í einni af fegurstu náttúruperlum landsins.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar á Gamma-brekku og heimasíðu félagsins.

FRÁSÖGN AF BÓKAFUNDI 2010

Árlegur bókafundur Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags var haldinn í húsi Sögufélags í Fischersundi fimmtudaginn 14. janúar 2010. Í upphafi fundarins minntist Anna Agnarsdóttir forseti Sögufélagsins, Halldórs Bjarnasonar sagnfræðings en hann lést nokkrum dögum fyrir fund.

Þessi árlegi fundur er orðinn fastur liður í starfsemi þeirra félaga sem að honum standa, fundurinn hefur alltaf verið fjölmennur og svo var líka að þessu sinni. Húsið var troðfullt og töldu menn 84 fundargesti nokkru eftir að fundur hófst. Fundurinn var með hefðbundnu sniði, fyrst var fjallað um tvær bækur og síðan tekið fundarhlé í 20 mínútur og þá voru veitingar í boði og að loknu hléi var umfjöllun haldið áfram.

Undirbúningur fundarins var með hefðbundnum hætti en hann er sá að stjórnir félaganna velja í desember fjórar bækur sem teljast til fræðilegra verka til umfjöllunar og fá fræðimenn sem þær telja að þekki efnið eða tímabilið til að gagnrýna verkin. Höfundar eru látnir vita af því að það eigi að gagnrýna bækur þeirra og boðið að bregðast við verði þeir á fundinum. Að þessu sinni var ákveðið að taka til umfjöllunar fjórar ævisögur.

Á fundinum voru eftirfarandi bækur gagnrýndar: *Vigdís, kona verður forseti*. Höfundur Páll Vals-son og Erla Hula Halldórsdóttir gagnrýndi bókina. *Snorri – ævisaga 117-1241*. Höfundur Óskar

Guðmundsson og það var Helgi Þorláksson sem gagnrýndi verkið. Þriðja bókina á dagskránni var *Mynd af Ragnari í Smára*. Höfundur er Jón Karl Helgason og það var Sigrún Sigurðardóttir sem gagnrýndi bókina. Síðasta bókina á dagskrá kvöldsins var *ÞÞ í forheimskunnarlandi*. Höfundur Pétur Gunnarsson og gagnrýnandi var Soffía Auður Birgisdóttir.

Hverjum gagnrýnanda var úthlutað 15 mínútum til að koma skoðun sinni á verkinu á framfæri og síðan var höfundum gefin kostur á að bregðast við gagnrýninni á nokkrum mínútum. Áheyrendur áttu síðan kost á að spyrja bæði gagnrýnanda og höfund spurninga sem vörðuðu verkið. Höfundar allra þeirra verka sem fjallað var um voru í salnum og tóku allir til máls og svöruðu gagnrýni og gerðu grein fyrir heimildaöflun og annarri vinnu við bækurnar. Fundargestir spurðu áhuga-verðra spurninga en tímarammi fundarins leyfði ekki langar umræður um hvert verk.

Það er samdóma álit þeirra sem voru á fundinum að hann hafi verið fróðlegur og einkar skemmtilegur.

Þórunn Guðmundsdóttir

ANDLÁT - JÓN HNEFILL AÐALSTEINSSON

Jón Hnefill Aðalsteinsson, prófessor emeritus í þjóðfræði við Háskóla Íslands, andaðist 2. mars 2010 á heimili sínu að Dalbraut 27 í Reykjavík., 82 ára að aldri.

Jón Hnefill hafði viðtæka menntun að baki í trúarbragðafræðum, guðfræði, heimspeki og þjóðfræði sem hann nam við Háskóla Íslands, Uppsala-háskóla og Stokkhólmsháskóla. Hann hlaut doktors-nafnbót frá Uppsalaháskóla í þjóðfræði árið 1979 og

átti fjölbreyttan feril í kennslu og við fræðastörf. Hann var einnig mikilvirkur í félagsstarfi og var m.a. formaður Sagnfræðingafélags Íslands á árunum 1977-1979. Meðal rita hans eru doktorsritgerðin *Under the Cloak, Þjóðtrú og þjóðfræði* og *Hið mystiska X* sem kom út árið 2009.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands vottar aðstandendum Jóns Hnefils samúð sína.

Íris Ellenberger, formaður

STAFRÆN GERÐ MANNTALA Á ÞJÓÐSKJALASAFNI

Manntöl eru mikilvægur menningararfur og veita drjúgar upplýsingar um fólk og búsetu á liðnum tímum. Fyrsta allsherjarmanntalið (manntal sem telur alla þegna þjóðar) á Íslandi er venjulega kennt við árið 1703, þó að taka þess hafi byrjað eigi síðar en í desember árið áður. Næsta allsherjarmanntal var tekið árið 1801. Regluleg taka allsherjarmanntala hófst svo árið 1835 og voru manntöl síðan tekin á fimm ára fresti fram til 1860 og á tíu ára fresti eftir það fram til 1960, nema manntal var tekið árið 1901 í stað 1900. Öll þessi manntöl eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Þá er ógetið tveggja allsherjarmanntala sem tekin voru árin 1952 og 1981. Þjóðskrá varðveitir gögn manntalsins 1952, en Hagstofa Íslands geymir manntalið 1981.

Árið 2001 var opnaður nýr vefur Þjóðskjalasafns Íslands. Á honum var gagnagrunnur með manntalinu 1703. Þetta var fyrsti vísirinn að manntalsgrunni Þjóðskjalasafns Íslands. Á árinu 2006 bættist manntalið 1835 við.

Manntöl hafa í gegnum tíðina verið með eftir-sóttustu heimildum Þjóðskjalasafns og vinsælasti einstaki efnisþátturinn á vef safnsins. Það er því að vonum að eitt helsta verkefni safnsins á sviði raf-rænnar miðlunar er að gera sem flest manntöl aðgengileg á vef safnsins.

Sumrin 2003-2006 unnu að jafnaði 2-4 háskólanemar við innslátt á gögnum úr manntölunum 1870, 1880 og 1901, en heldur miðaði því verkefni hægt, enda aðeins um að ræða fáeinar vikur á hverju sumri og verkefninu þröngur stakkur skorinn hvað fjármuni varðaði.

Ein af aðgerðum ríkisstjórnar Íslands til mót-vægis við áhrif niðurskurðar þorskaflaheimilda haustið 2007 var að veita Þjóðskjalasafni Íslands fé til tveggja skráningarverkefna úti á landi. Annað þeirra var að búa til stafræn afrit af tíu manntölum í vörslu safnsins og gera þau aðgengileg á netinu. Undirbúningur verksins hófst strax haustið 2007 og í byrjun febrúar 2008 hófst skráning manntalsins 1870 í Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja. Strax fylgdu í kjölfarið Héraðsskjalasafn Austfirðinga á Egilsstöðum og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga á

Sauðárkróki. Undir lok ársins 2008 var einnig samið um skráningu við fyrirtækið Forsvar á Hvamms-tanga þannig að þegar best lét var skráð á fjórum stöðum á landsbyggðinni. Á þessu ári er enn verið að skrá manntalsgögn á þremur af áður nefndum stöðum á landsbyggðinni, en Forsvar hefur lokið þátttöku í verkefninu.

Í byrjun mars 2010 eru eftirtalin manntöl fullskráð: manntölin 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890 og 1901. Búið er að skrá rúmlega níutíu prósent af manntalinu 1910 og um 36% manntalsins 1920. Að jafnaði hafa 14-16 manns starfað við verk-efnið, þar af 12-14 á landsbyggðinni.

Við skráningu manntalsgagnanna hefur það verið meginregla að skrá orðrétt og stafirétt eftir manntölunum. Af þeim tíu manntölum sem verk-efnið tekur til eru fjögur skráð eftir frumriti (1855, 1901, 1910 og 1920), en önnur eftir vélrituðum af-ritum manntalanna. Skráningarfólkið hefur einnig borið útprentaðar prófarkir saman við heimildirnar sem skráð var eftir og leiðrétt eftir því sem ástæða var til. Þá hefur Þjóðskjalasafn framkvæmt tiltekna vélrænar prófanir á innslegnum gögnum og leiðrétt þau eftir þörfum. Þrátt fyrir þessa viðleitni má reikna með að villur finnist í manntölunum eins og þau eru birt á vefnum og eru allar ábendingar þar að lútandi vel þagnar.

Á árinu 2009 hófst undirbúningur að birtingu manntalanna og á norrænum skjaladegi, 14. nóvember 2009, opnaði mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, vefinn www.manntal.is. Þar er hægt að leita upplýsinga í ellefu allsherjarmanntölum, en tvö þau nýjustu (1901 og 1910) eru enn ekki að fullu frágengin. Á vefnum eru einnig upplýsingar um vefinn og manntölin. Áfram verður unnið að þróun manntalsvefsins; þjónusta við notendur aukin og fleiri manntölum bætt við.

Stafrænu manntölin opna nýja möguleika til fræðilegra rannsókna á ýmsum sviðum og mun Þjóðskjalasafn leggja fræðimönnum lið í því efni eftir fongum.

Benedikt Jónsson, Þjóðskjalasafni Íslands

MINNINGARRÁÐSTEFNA UM HALLDÓR BJARNASON

Laugardaginn 27. mars nk. verður minningarráðstefna um Halldór Bjarnason aðjunkt í sagnfræði sem lést 9. janúar sl. Ráðstefnan er haldin af sagnfræðinemum við Háskóla Íslands. Hún verður í stofu 201 í Árnagarði og stendur frá kl. 13-16. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Dagskrá

- 13:00 Ráðstefnan opnar
- 13:10 „Skólalald á Íslandi á 19.öld - Kvennaskólaævintýrið“
Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir nemi
- 13:40 „Hvernig Staple kenningin útskýrir það sem framboð-eftirspurn lögmálið getur ekki“
Rúnar Már Þráinsson nemi, Ólöf Vignisdóttir nemi
- 14:10 Kaffihlé
- 14:30 „Hvað á að gera við heiðingjana? -viðhorf og stefna Spánverja gagnvart íbúum Nýja Heimsins“
Ragnhildur Hólmgeirsdóttir nemi
- 15:00 Pallborð „Ísland: Hjálenda eða nýlenda?“
- 16:00 Ráðstefnunni lokið
-

FRÆDSLUFUNDUR OG MÁLÞING

Málþing um samgöngur og landvarnir

Félag um átjándu aldar fræði heldur málþing um samgöngur og landvarnir laugardaginn 17. apríl 2010. Málþingið verður haldið í Þjóðarbókhöfðu, fyrirlestrasal á 2. hæð. Það hefst kl. 13.30 og því lýkur um kl. 16.30. Eftirtaldir fræðimenn flytja erindi: *Björn Teitsson, Eiríkur Þormóðsson, Halldór Baldursson og Jón Torfason*. Fundarstjóri verður *Þóra Kristjánsdóttir*.

Fræðslufundur Sögufélags Árnesinga

Fræðslufundur Sögufélags Árnesinga verður í Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn 25. mars 2010 kl. 20:30. Þorgrímur Gestsson flytur erindi um verkalýðsbaráttu í Ölfusi og Hveragerði á síðustu öld og þá sérstaklega um Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðann og Verkalýðs- og smábændafélag Ölfushrepps. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands er prentað hjá Prentmet.
Efni í fréttabréfið má senda á njordur@hive.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
